

Survey Report : Leikskólakönnun 2011-Norðurberg

2. a) Ef svarið er mjög eða frekar vel, getur þú nefnt dæmi um hvernig þú merkir það í hegðun barnsins?

Talar mikið um starfsfólk og krakkana og hvað þau voru að gera yfir daginn. Yfirleitt mjög ánægð með daginn í leikskólanum
Hún er alltaf fús að fara í leikskólann á morgnana. Hún talar mikið um það sem er að gerast þar. Almennt er hún glaðleg.
Alltaf glaður að koma í leikskólann og hlakkar til að fara. Alltaf glaður að fara heim líka. Talar mikið um leikskólakennarana og krakkana.
Er ánægð að fara í leikskólann
Barnið vill aldrei fara í leikskólann á morgnana en held samt að því líði ágætlega.
Ánægt þegar það fer á leikskóla og þegar ég sæki barnið. Talar vel um leikskólann og sína vini á leikskólanum.
Hann er ávallt mjög ánægður að mæta í leikskólann. Hann talar jákvætt um leikskólann og þegar við sækjum hann vill hann stundum ekki fara, þar sem hann er mjög ánægður í því starfi sem hann er að taka sér við hendur
Hann er með þroskafrávik á einhverfurofinu og það hefur sýnt sig hve vel honum líður á leikskólanum. Hann er alltaf spenntur að mæta, kvartar mjög sjaldan þegar hann er mættur og er oft upptekin í leik þegar maður kemur að sækja hann og er ekki tilbúin að fara starx
Talar um daginn, líður ekki illa við að vera að fara á leikskólann
Börnin hlaupa í fangið á yndislegu starfsfólki og eru alltaf glöð og kát.
Alltaf til í að hlaupa inn þegar við komum með hana á morgnana. Hefur varla tíma til að segja bless. Þegar við sækjum þarf hún einnig oft að klára það sem hún er að gera áður en hún hleypur til manns. Hún segir manni frá því sem hún hefur verið að gera og virkar yfirleitt kát og glöð með það sem var að gerast. Talar um hina krakkana og virðist líða vel.
Alltaf glaður í lok dags á leikskólanum.
Alltaf tilbúin að fara í leikskólann og er mjög glöð þegar farið er með hana og þegar hún er sótt. Einnig talar hún um leikskólann og þylur upp það sem hún hefur lært þar, söngva og fleira.
Barnið vill alltaf fara í leikskólann og kemur ánægt heim. Talar vel um leikskólann sinn.
Er ánægt að fara í leikskólann og glaður þegar hann er sóttur
Hún er ekki alltaf sátt við að fara í leikskólann en hún hins vegar hefur alltaf verið sátt þegar hún er sótt.
Hann er mjög glaður að fara í skólann, augljóst og merkjanlegt að þau gera margt með börnunum hann segir mér frá því á kvöldin.
Hún er jákvæð að fara í leikskólann
Oftast nær fús til að mæta, sem ætti ekki að vera sjálfgefið miðað við hvað hann á skemmtilega foreldra(spaug). Segir sögur af starfsfólki og samnemendum með ljóma.
Hann er duglegur að segja frá bæði skemmtilegum og miður skemmtilegum atvikum, þau eru oftast skemmtileg og tengjast þá kennurunum ef þau eru miður skemmtileg þá tengjast atvikin oftast nemendum
Hann er yfirleitt hress og kátur með það að vera að fara í leikskólann, og yfirleitt ánægður eftir daginn.
Það er hamingjusamt og glatt og hleypur í fang starfsmanna.
Hvernig hún segir frá því sem hún var að gera á leikskólanum....með ákafa, spenningi og ánægju

Hann er alveg öruggur þegar ég fer á morgnana og er alltaf til í að mæta í leikskólann
glöð þegar hún kemur úr skólanum og ánægð að fara í hann.
er alltaf til í að mæta í leikskólann og hlakkar til að mæta
Hún á vinkonu á leikskólanum og er yfirleitt ánægð þegar hún er sótt.
alltaf hress og kátur þegar við komum að sækja hann
Er oftast ánægður með að fara í leikskólann á morgnana og lætur vel af dvölinni.
Barnið er yfirleitt ánægt við komu á leiksskólann og í góðu jafnvægi þegar við sækjum það. Það talar vel um leikskólakennara sína og samnemendur.
Alltaf ánægð þegar við tölum um leikskólann. Tala um starfsfólkið á deildinni á jákvæðan hátt.
Barnið er yfirleitt glatt að fara stundum smá foreldrasýki en annars mjög fínt.
hann er alltaf glaður að fara á leikskólann og glaður að koma heim,talar mikið um daginn og þess háttar
Hann fer glaður í leikskólann, vel tekið á móti honum. Oftast jákvæður í tali um leikskólann. Þykir vænt um leikskólakennarana og talar um þær.
Glaður með að mæta og að koma heim. maður sér að barninu líður vel
Hann er ánægður að fara á leikskólann, vill vera þar helst lengur. Kemur heim glaður. Talar vel um leikskólann, finnst skemmtilegt og líður vel.
T.d. Hann er alltaf spenntur að fara í leikskólann og ég hef fylgst með honum þegar ég næ í hann og hann er alltaf brosandi og að skemmta sér í leik með krökkunum og leikskólakennurunum.
Það kemur mjög sjaldan fyrir að barnið vilji ekki fara á leikskólann.
Alltaf gaman að fara í leikskólann.
Alltaf til í að fara á leikskólann, borðar vel, sefur ágætlega og alltaf í góðu skapi þegar hann er sóttur
Talar mikið um vini sína þar og konurnar. Er glaður þegar hann segir mér frá því hvað hann gerði á leikskólanum þann daginn.
Barnið hefur alltaf viljað fara á leikskólann og er ánægt þegar við sækjum það. Hefur einungis talað vel um leikskólann sinn.
Talar um að fara í leikskólann þegar frí er, er yfirleitt ánægt að fara á morgnana í skólann
Ánægð að kveðja á morgnana. Er tíðrætt um kennara og börn í skólanum. Er jákvæð gagnvart skólanum og starfi þar.
Merki það helst að hann er ekki tilbúinn að fara heim
Barninu hlakkar alltaf til að fara í leikskólann. Finnst gaman í leikskólanum.
Barnið er yfirleitt glatt og í góðu skapi þegar það er sótt, talar mikið um hvað það gerir skemmtilegt í leikskólanum, langar alltaf að fara í leikskólann og yfirleitt ekki erfitt að skilja barnið eftir þar. (hefur tekið langan tíma að venjast nýrri deild, annars hefði svarið verið MJög vel)
Hún er glöð að mæta og segir sjálf að það sé skemmtilegt

Hann mætir oftast glaður og virðist ánægður.
Ræðir um skólann. Syngur lög sem hann hefur lært þar.
Barnið er alltaf tilbúið að fara í leikskólann og ánægt með dvölinu í leikskólanum

2. b) Ef barninu líður frekar eða mjög illa, hvað er það helsta sem starfsmenn leikskólans geta gert til þess að bæta líðan þess?

Held að það væri ráð að hafa meira ljós í forstofu/fatahengi á dimmum morgnum.

ég myndi telja að fyrsta væri að ræða við foreldrana, hvernig þau væru að upplifa þetta. Næsta skref væri að reyna að finna út hvað það væri sem léti barninu líða illa. Að því loknu að skoða hvernig væri unnt að mæta þörfum barnsins

Það skiptir hins vegar miklu máli að mæta þörfum barna eftir bestu getu á einstaklingsmiðaðan hátt. Sér í lagi finnur maður það þegar maður á barn með þroskafrávik hve mikilvægt er að finna fyrir skilning af hálfu starfsmanna.

umhyggja og festa

mjög misjafnt, oftast stafar vanlíðan af svefnrugli eða nýkvöddum veikindum. Engar sérþarfir.

Ræða við foreldra barnsins um það hvort að það sé eitthvað sem er að angra barnið heima við, annars gæti það mögulega verið eitthvað sem er að í leikskólanum og þá þyrfti bara að finna út hvað það væri, og reyna að bæta úr því.

sínt meira umburðarlyndi og hlýju

3. a) Ef aðlögun barnsins gekk mjög eða frekar vel, getur þú nefnt dæmi um það sem þú varst ánægð(ur) með í aðlöguninni?

Vel tekið á móti henni og hlýja.
Þær voru bara yndislegar í alla staði
Rétt farið að aðlöguninni, frábært starfsfólk.

Það gekk flótt og vel að aðlaga barnið í leikskóla. Gott plan um aðlögun.
Það gekk frekar vel. Við vorum í góðu samstarfi við starfsmenn, ræddum opinskátt um það sem gekk vel og hvað mætti fara betur. Hann byrjaði 18 mánaða á leikskólanum og gekk vel á yngri deildinni. Ég upplifi hins vegar mikinn mun á líðan hans eftir að hann fór á eldri deildina. Hann virðist mun sáttarri á eldri deildinni, nær betur til starfsmanna, á sér tvo upphalds og virðist vera ánægðari, a.m.k ávallt tilbúin að fara og kemur frekar fyrir núna að hann vilji ekki fara heim Það gerðist mjög sjaldan ef einhvern tíman á yngri deildinni. Hefur eflaust með þroskan að gera.
Það gekk frekar vel þegar hann byrjaði á yngri deildinni 18 mánaða. Þegar hann fór á eldri deildinni vorum við frekar stressuð en það gekk rosalega vel og starfsmenn tóku honum opnum örmum og reyndu að mæta hans þörfum
Sáttur við komu og þegar foreldir fór
Það er svo yndislegt starfsfólk á Norðurbergi að það gengur allt upp sem þar er gert.
Það var ekki farið of hratt í hlutina, pabbi hennar fékk að vara miklum tíma í að aðlaga hana að leikskólanum, starfsfólkið sveigjanlegt og viðkunnulegt.
Notuð var þátttökuaðlögun þannig að við foreldrarir vorum virkir þátttakendur í leikskólafarfinu og fengum góða innsýn í starf deildarinnar.
Viðhorf starfsmanna og skólabraginn
Okkur þótti við öll vera velkomin og ekki stress yfir því að við foreldrarir værum fullir þátttakendur í aðlögunarferlinu.
Það var tekið mjög vel á móti honum, og tími tekinn í aðlögunina. Frábært
Alltaf manneskja sem tekur við keflinu.
Kennarinn sem sá um aðlögunina sá um hana frá a-ö og fylgdi henni mjög vel eftir.
Ég var mjög ánægð með það hvað það var tekið vel á móti okkur,og okkur var kynnt starfsemi leikskólanum mjög vel.
Að sjá hvað starfsfólkið er yndislegt og umhverfið allt til fyrirmyndar
Fannst starfsmennirnir yndislegir
aðlögunin var þátttökuaðlögun og mér fannst mjög gott að fá smá innsýn í starfið á deildinni og eins að kynnast aðeins starfsfólkinu
að ég vissi hvert ég átti að leita þegar ég hafði einhverjar spurningar. einhvern sérstakur starfmaður tók á móti henni.
frábært starfsfólk sem tók vel á móti honum
Það var mjög vel tekið á móti henni og starfsfólkið lagði sig fram um að láta henni líða vel.
fannst æðislegt að foreldrar séu svona mikið með í aðlöguninni (vorum með alla fyrstudagana)
Umhyggjusemi og almennilegheit starfsfólks Klettaborgar ;)
Við vorum ánægð með að fá að kynnast starfinu með því að vera með barninu til að byrja með. Okkur fannst það líka gefa því meira öryggi á meðan það var að venjast aðstæðum.
Alltaf tekið á móti henni og því fann hún hversu velkomin hún var. Ákveðin aðili sem var með umsjón með henni við það skapast mikið öryggi.
Barnið var fljótt að taka við sér og fara í leik.
Hvernig aðlöguninni var skipt upp og greinilega aðlöguð eftir þörfum hvers og eins. Maður tók

sinn þátt í þessu ferli sem gerði mig sem foreldri öruggari í leiðinni

Hann fékk góðan tíma, enginn asi eða flýtir á hlutunum.

Vel undirbúið ferli þar sem velvar að öllu staðið, maður fann að barnið fékk fljót traust á starfsfólkinu sem gerði þetta mjög faglega

Leikskólakennararnir tóku vel á móti honum, sýndu honum þá athygli og umönnun sem hann þurfti.
Aðlögunin snéri að hans þörfum og fékk hann þann tíma sem hann þurfti.

Aðlögunin tók skamman tíma.

Ég var mjög ánægð með þær móttökur sem við fengum á deildinni. Sérstaklega þar sem ég (móðir) nefndi að hún ætti erfitt með að skilja við barnið og naut ég mikils skilnings með það og upplifði aldrei neitt nema gott í kringum alla aðlögunina. Mér var alveg leyft að ráða ferðinni þannig að í dag ber ég fullt traust til leikskólans og kveð barnið sátt og glöð.

Barnið fékk nægan tíma til þess að aðlagast. Fékk ávallt mjög góðar móttökur og var mestmegnis með sama starfsmanninum sem veitti því öryggi

Að fá að vera mikið með barninu í leikskólanum fyrstu vikurnar

Það var vel tekið á móti barni og foreldrum. Við vorum upplýst og barninu leið vel að fara í og úr leikskóla.

Það var tekið mjög vel á móti okkur og þegar við skoðuðum leikskólann þá var barnið í brennidepli.

Það var aldrei vandamál að skilja barnið eftir (þá 19 mánaða), það grét aldrei þegar við foreldrarir gengu í burtu og vildi sjaldnast fara heim aftur.

3. b) Ef aðlögun gekk mjög eða frekar illa, hvað er það helsta sem starfsmenn leikskólans þurfa að gera til þess að aðlögun gangi getur þegar lítið er fram á veginn?

Segja foreldrum nákvæmlega hvernig dagurinn gekk, ekki gera lítið úr hlutunum.

Það þurfti aðeins að átta sig á sérstökum þörfum hans og vera meðvitaður um að hann getur ekki tjáð sig með tali. Það þurfti að skerpa smá á samskiptum við starfsmenn um hvernig væri best að nálgast hann

Grét mjög á morgnanna alveg 1 árið sem hún var á leikskólanum - hætti samt fljótt og virtist ánægð í lok dags en það tók mjög langan tíma að hætta að gráta á morgnana. Veit að næst þegar voru tekin inn ný börn var aðlögunin öðru vísi þar sem foreldrar voru alveg með börnunum í 3 daga ég hefði alveg viljað taka þátt í slíkri aðlögun leist mjög vel á það plan og tel að það hefði hentað mínu barni betur á sínum tíma að fá meiri tíma með mér á leikskólanum.

Mér fannst þær tækla málin vel og veit því ekki hvað þær gætu gert betur.
Barnið mitt var mjög feimið og tók það frekar langan tíma fyrir hann að hætta að vera feiminn við konurnar og hin börnin, en það er allt í lagi núna. Mér dettur ekkert í hug sem mætti betur fara, ástæðan fyrir erfiðleikunum í aðlögunni var aðeins þessi feimni í honum.
Þeir stóðu sem með þrýðum. var bara barnið sem að ekki var sátt.

4. a) Ef starfsmenn standa mjög eða frekar vel undir væntingum þínum varðandi daglega ummönnum, getur þú nefnt dæmi sem þú ert ánægð(ur) með?

Vel tekið á móti barninu og barnið oftast hreint þegar það er sótt. Það sem mætti kannski betur fara er að fylgst sé með klæðnaði barnsins/barnanna þegar þau fara út
Vel tekið á móti henni á morgnana og einnig alltaf kvöld með hlýju. Hún talar mjög vel um konurnar sem vinna í leikskólanum.
Þær segja mér hvað gerðist yfir daginn ef það var eitthvað merkilegt eða ómerkilegt og þær gefa sér vel að honum.
Sinna barninu vel, sé á barninu hvað það hefur þroskast mikið eftir að það byrjaði á leikskólanum.
Hef aldrei fengið hann vanræktan í lok dags.
Taka alltaf vel á móti barninu og kveðja það þegar það fer heim. Sýna umhyggju og væntumþykju. Mætti jafnvel sýna meira hvað þau eru að gera á leikskólanum.
Starfsmenn eru mjög vakandi fyrir þörfum barnsins. Þau eru að taka á þeim málum sem þarfnast að láta ganga betur. Ég sé mikla framför hjá barninu í þroska og hegðun, og hefur það mikið með gott starf skólans að gera. Það er verið að beina sjónum á kosti einstaklingsins og hvað þarf að vinna með.
Mér finnst ég finna fyrir miklum skilning á aðstæðum barnsins míns. Starfsmenn eru í dag mjög meðvitaðir um stöðu hans og þroska. Það er reynt eftir bestu getu að sinna honum af nærgætni og bliðu. Honum er mætt út frá þörfum vegna sérstaks matarræðis, og það eru settir sérstakir starfsmenn sem fá að fylgja honum sem er til fyrirmyndar
Áhugasamir og kærleikur
Það er mjög vel hugsað um börnin og af alúð.
Sé að barninu mínu líður vel með starfsmönnum deildarinnar stundum verið að lesa fyrir hana og tala við hana þegar ég sækí og yfirleitt mjög vel tekið á móti henni á morgnana.
Góð rútfína á hlutunum, barninu sýnt ást og umhyggja. Dugleg að fara út, fönndra, leika, syngja og hafa gaman.
Mjög vel er hugsað um barnið og veittar eru upplýsingar um athafnir þess eftir daginn.
Skólabragurinn á Lundi er frábært gott að koma þar inn.
Sýna henni hlýju og virðast bera hag hennar fyrir brjósti - og allra barnanna

Vinna mjög vel með börnunum almennt, allar venjur - svefn - klósett, mikið lesið, mikið talað ofl.
Þær koma til móts við barnið, notast við mikla útvíst og eru duglegar að finna upp á nýngum.
Allt viðmót og skipulag gagnvart börnum og foreldrum er til fyrirmyndar. Til fyrirmyndar þá meina ég að fyrir foreldra að koma inn og upplifa starfið getur verið mjög fræðandi.
Gott starf og góður agi
Strákurinn minn er yfirleitt alltaf ánægður og talar vel um kennarana sína sem sínir það bara að þeir séu að standast undir væntingum.Ég hef þær væntingar að það sé hugsað vel um strákin minn og að hann sé ánægður og líði vel.Og það er greinilegt að svo sé.
Þær eru bara yndislegar í alla staði.
Þær eru hlýlegar og góðar við hann, hann er alltaf hreinn og fínn þegar ég sæki hann og þær passa að týna ekki fötunum hans :) Eitt sem mér finnst þó vanta og það er upplýsingatafla um hvernig barnið borðaði og svaf.
Þær vita hvernig henni hefur liðið og hvort hún borðaði vel eða illa og vita ca hvernig hún var klædd þegar hún fór út að leika sér
eru frábærar
Starfsfólkið er alltaf tilbúið að hlusta ef maður hefur áhyggjur af e-u varðandi barnið.
bara alltaf tekið vel á móti honum og honum sýnd væntumþyggja og hlíja
alltaf tekið vel á móti manni og þegar maður kemur að sækja börnin þá eru fóstrurnar alltaf með börnunum í leik
Sýna barninu áhuga og eru með jákvæða tilsögn. Traustar og vinalugar.
Mæta barninu brosandi og allmennt glaðar.
Í leikskólanum er mjög góður andi sem sérst mjög vel á starfsfólkinum, þarna er greinilega búið að vera samafólið lengi og mér finnst flestir hlutir tæklaðir af mikilli fagmensku
Vel tekið á móti honum á morgnana, gleði og jákvæðni yfirráðandi og manni finnst barnið skipta máli.
Með góðri vinnu og abygð í starfi fær hann þá ummönnum sem best verður á kosið
Þær eru jákvæðar, almennilegar, hvetjandi.
Alltaf tekið vel á móti barninu á morgnana þegar það mætir.
Barnið er ánægt í leikskólanum
Þær eru mjög glaðlegar, umhyggjusamar og eftirlitið með barninu er mjög gott.
Gott upplýsingaflæði frá þeim. Vel tekið á móti okkur á morgnana. Þær eru duglegar að fara með börnin út og virðast hugsa almennt vel um það.
Taka vel á móti barninu á morgnana, kurteisir
Gott og faglegt viðmót. Starfsmenn eru nær alltaf með börnum í leik. Það er vel tekið á móti barni í byrjun dags og það er kvatt í lok dags. Það er auðvelt að ræða við starfsfólk um það sem foreldrum liggur á hjarta og barnið virðist alltaf fá þá athygli og umönnun sem það þarfnast.

Ánægð með að hvað þær taka hlýlega á móti börnunum og að börnin skipta máli sem einstaklingar

Starfsmenn leikskólans gefa sér tíma bæði á morgnana og seinni part dags til að spjalla og segja frá, ef það varðar barnið mitt. Allar upplýsingar frá leikskólanum er til fyrirmyndar. Barnið talar vel um starfsfólkið.

Ég sé að baninu er vel fylgt eftir, því er veitt mikil athygli og það er auðvelt að fá svör við spurningum og vangaveltum frá öllum starfsmönnum.

Honum er gefin athygli og segja vel frá ef eitthvað amar að.

4. b) Ef starfsmenn leikskólans standa mjög eða frekar illa undir væntingum þínum varðandi dalega ummönnun barnsins, hvað er það helsta sem þeir þurfa að bæta?

stundum þætti mér gott ef barnið væri í betri formi fatalega séð, hefur komið fyrir að hann sé sokkalaus, en ekkert alvarlegt. Gerist ekki oft. Ég hef þá bara rætt um það og starfsmenn tekið því vel

Það verður ávallt að geta komið maður í manns stað. Því mikilvægt að sem flestir viti stöðu einstaklings sem er með sérþarfir

Sumir starfsmenn mættu bera meiri virðingu fyrir börnunum og sýna meiri hlýju í garð þeirra.

5. a) Ef þú telur að viðfangsefnin sem barninu standa til boða uppfylli að litlu eða engu leyti námsþörf barnsins, hvaða viðfangsefni telur þú að uppfylli námsþarfir barnsins öðru fremur?

Söngur, örvun og fleira.

Það er erfitt þar sem hann er með þroskafrávik. Það er verið að hann vinna með hann í einstaklingsvinnu með þroskaþjálfara og gengur það mjög vel

Á erfitt með að segja til um það - hún hefur sérstakan áhuga á bókum, lestri og skrift og ég sé ekki mikla áherslu á það - en hún er það ung að það er líklegt að meira verði um slíkt á eldri deildum

ég veit ekki alveg hvað þau gera hérna með börnunum samanber hreyfing, held að þau fái hana að mestu leyti úti sem er mjög gott. Menning fullt gert í samandi við Þorrann t.d. ofl.

hef ekki þekkingu né reynslu til að svara þessu.(mitt fyrsta barn)

Hef athugasemdir varðandi listir og menningu. Þ.e. teiknigetu og föndur. Finnst það að einhverju ábótavant.

tónlistarnámið og útiveran hentar honum mjög vel

Barnið mitt er í leshóp þar sem það er tvítýngt og það hefur reynst mjög vel og því hefur farið mikið fram í tali. Eins finnst mér þau syngja mikið og læra mikið af lögum.

Veit ekki

mætti upplýsa foreldra meira um hvað er sé gert í hverri viku.

6. a) Ef þú telur námsumhverfið hvetjandi og aðlaðandi, getur þú nefnt dæmi sem styður skoðun þína?

Sátt með húsnæðið og að hluta til leiksvæðið en kannski ekki alveg sátt með að 4 ára börn skulu vera í girðingarlausu umhverfi

Mjög fallett og hlýlegt umhverfi. Mikið farið í gönguferðir í hraunið.

Hraunið á útisvæðinu er mjög hvetjandi.

Hraunið er góður leikvöllur

Það er gott útisvæði sem ég tel mjög mikilvægt. Ég er rosalega hrifin af áherslu á útivist og skógarferð já þeim sem ég tl hafa mjög góð áhrif á þau. Það er ánægjulegt líka að sjá hve vel skipulagt umhverfið er, afmörkuð svæði og listasmiðja. Tel þetta mjög vel skipulagt.

Frábært útisvæði og mikil náttúruskoðun sem er frábært. Vel hólfað að, og krakkarnir geta verið skipt niður í ólíka staði

Gott húsnæði og opið leiksvæði

Lóðin er æði hraunið og allt sem búið er að gera. Allt svo snyrtilegt. Frábært hvernig farið er í vettvangsferðir á lóðinni og ræktunin og og og þetta stenst allt væntingar.

Stór lóð, mikið af skemmtilegum stöðum á lóðinni, trjám. Trjádrumbar skemmtilegir og

regnvatnið sem safnað er f. drullumallið er mjög sniðugt líka. Mjög ánægð með umhverfisstefnu leikskólans og að þau læri svona ung að ganga vel um náttúruna og flokka sorpið, búa til mottu o.p.h.

Allt mjög heimilislegt og snyrtilegt og útisvæðið stórt, gróðurmikið og fallegt. Hvetur til leikja í náttúrunni.

Náttúrulegt umhverfi í skjóli, börnin í miklum tengslum við náttúruna.

Húsnæðið er frekar nýlegt með góðu rými fyrir barnið. Einnig er útisvæði frekar frjálst þó megi huga að nýjum leiktækjum í garðinum.

ólst upp í sama hrauni. Er það ekki tilhneigingin að stýra afkvæmum á svipaðar slóðir ef maður telur að það geri þeim gott.

Að nýta hluti, bæði úr náttúrinni og umbúðir sem annars færu í ruslið er mjög hvetjandi og aðlaðandi að mínu mati bæði fyrir nemendur og starfsfólk.

Nóg pláss úti fyrir krakkana til að leika sér, fallegt umhverfi,

Frábært hvað hraunið er látið njóta sín og lóðin er öll til fyrirmyndar snyrtilega og skemmtileg. Leikskólin sjálfur er svo ótrúlega kósý og heimilislegur. Kertaluktirnar fyrir utan setja alveg punktin yfir i-ið.

Náttúran í kring

Ég er mjög ánægð með umhverfið inni á deildinni hans, hlýlegt og huggulegt og fullt af alls konar efniviði í boði. Útisvæðið er líka flott en ég er dálítið mikið smeyk við allt hraunið þar

að á leikvellinum er ekki of mikið að tilbúnum leikföngum. Að ekkert afmarkað leiksvæði sé fyrir elstu börnin undirbýr þau vel fyrir það sem skal koma.

flott nýtt húsnæði sem býður upp á mikla möguleika til leiks

Leikskólinn er í mjög skemmtilegu umhverfi og leiksvæðið er stórt og opið. Húsnæðið er rúmgott.

Húsnæðið er gert heimilislegt og barnið hefur mjög gaman af þeim sýningum sem eru í gangi í andyrinu hverju sinni. Leikvöllurinn er skemmtilega náttúrulegur.

Finnst frábært að hafa hraunið.

Fallegt umhverfi hraunið mjög spennandi.

Mér finnst þá frekast að nefna hvernig þau nota náttúruna, og einnig hvernig er staðið að græn fána ferlinu þar sem það tengist vel í umhverfið

Heimilislegt og notalegt umhverfi, myndir eftir börnin á veggjum. Allskyns kort og myndir á veggjum sem vekja áhuga. Útisvæðið stórt og náttúran fær að njóta sín, hraun og klettar til að klifra í, rekaviður og allskyns skemmtilegheit.

Mér finnst hvernig þessi frábær náttúra er tvinnuð inn í daglegt starf alveg frábært

Útisvæði er mjög stórt og gott. Það er fjölbreytt úrval að svæðum til að leika sér á, leiktæki einnig fjölbreytt og börnin nokkuð frjáls.

Náttúruumhverfið

Snyrtilegt og rúmgott

Stórt og náttúrulegt umhverfi þar sem börnin hafa allt til alls. Öll leiktæki eru til staðar ásamt skemmtilegu umhverfi með helli, trjádrumbum og fleiru þar sem börnin geta látið

hugmyndaflugið streyma.

umhverfið finnst okkur sérstaklega aðlaðandi. Hæfilega mikið af leiktækjum á lóðinni sem gerir það að verkum að börnin virkja ímyndunaraflíð enn frekar. Einnig stutt á skemmtilega staði til að mynda í stórt og mikið hraun og fjöru. Húsnæðið sjálft er huggulegt og heimilislegt.

Heimilislegt

Útísvæðið er mjög fjölbreytt og krefjandi fyrir börnin.

t.d. umhverfið og að það sé lögð áhersla á að sýna þeim umhverfi og kenna þeim að umgangast náttúruna

Umhverfið er fjölbreytt og opið, það er ekki lokað með girðingu í kring. Margt í umhverfinu sem býður upp á/styrkir t.d. grófhreyfingar.

Leiksvæði leikskólans í heildina er frábært, sérstaklega á minnstu deildum. Miðgarður er mjög skemmtilegur og Stóri garðurinn ekki síðri. Það eina sem ég "hef út á að setja" er að það er ekki girt af leiksvæðið við elstu deildina, en það hefur svosem sýnt sig hingað til að það býður ekkert frekar uppá vandræði.

Gott pláss og náttúrulegt. Skemmtigt og skapandi umhverfi.

Snyrtilegt umhverfi

6. b) Ef þér finnst námsumhverfi barnsins frekar eða mjög letandi og óaðlaðandi, getur þú bent stjórnendum leikskólans á hvað megi gera betur til þess að gera umhverfið meira hvetjandi og aðlaðandi?

Mér finnst deildin sem strákurinn minn er á vera í rauninni of lítil, og lítið pláss fyrir krakkana til að leika sér á.

en fannst vanta þó rólur. Þar sem ekki er hægt að æfa þá hæfileika á annan hátt. Þes að ýta sér og spyrna.

Deildin er lítil og þar af leiðandi er okkar álit að börnin séu að berjast um plássíð en ella. Útísvæði er einn sandkassi og ein barnaróla og eitt vegasalt fyrir tvær deildir

Mættu vera rólur og meiri nýting á þeim hluta leiksvæðisins þar sem rennibrautinn er og hraunið yfir sumartímann. Ekki loka svæðinu svona af alltaf, þó það sé auðvitað í lagi líka stundum.

Góð heimasíða með aðgengilegri námskrá ásamt öðrum stefnum skólans. Einnig eru sendir póstar til foreldra þegar áherslur f. hvert ár liggja fyrir.

Allt er sjáanlegt á netinu og á upplýsingatöflum deildarinnar og við fáum reglulega sendan tölvupóst varðandi viðburði o.fl.

góðir fundir

Á netinu og með miðum sem hanga á veggjum leikskólans

Með því að láta vita hvenær námskrá ársins kemur út og fara yfir hana með okkur á fundum. Ef aðstoðar vegna hegðunarvandamála þá er hægt að fá góð uppeldisráð frá starfsfólki.

sendibréfin, dagskrár, tilkynningar um viðburði og heimasíðan. Þetta er allt þarna. Helsta hættan er að þetta drukknir í upplýsingaflóðinu á hinum endanum.

Kemur fram á foreldrafundum sem haldnir eru a.m.k einu sinni á vetri.

Haldnir eru kynningarfundir með foreldrum þar sem starf ársins er kynnt eins fá foreldrar reglulega senda tölvupóst með upplýsingum.

ég fæ tölvupósta reglulega frá leikskólastjóranum og deildarstjóranum og eins er heimasíðan þeirra mjög virk

árlega kemur fram skipurlag yfir árið auk þess sem stefna skólans er í háveigum höfð.

eru duglegar að hengja upp auglýsingar og uppfæra heimasíðuna

Fáum fréttabréf reglulega með upplýsingum um starfið í leikskólanum. Eins eru upplýsingar á heimasíðu leikskólans og foreldraviðtöl.

Fylgist sennilega ekki nógu vel með

Það eru allar upplýsingar settar inn á heimasíðu leikskólans og því fylgt eftir með því að senda póst til að láta vita að nýtt efni hafi verið sett inn. Einnig eru upplýsingar settar inn fyrir deildina um starfið sem fram fer, en það mætti kannski vera aðeins oftar.

Það er í foreldra viðtölum einnig með tölvupóstum, en mér finnst að foreldra viðtölin mætu vera oftar

Samtöl við leikskólakennara og leiðbeinendur þar sem þær segja frá daglegu starfi. Starfsfólk mjög duglegt að senda tölvupósta með upplýsingum, fundir með foreldrum þar sem allt starf er kynnt vel og rækilega.

Í foreldra viðtölum og einnig með tölvupósti en mér finnst að foreldra viðtölin mætu vera oftar

Þegar strákurinn minn byrjaði í leikskólanum var haldin kynning um uppeldis og menntastarfið og var ég mjög ánægð með það gaf skýra mynd af starfinu í leikskólanum.

Reglulegir fundir og skilaboð gegnum tölvu

Heimasíða og aðgangur að upplýsingum mjög aðgengilegur

já vefur leikskólans er mjög góður þar sem hægt er að sjá allt er viðkemur leikskólanum

tölvupóstar, tilkynningar hengdar upp á töflu og munnlegar tilkynningar/umræður

Á foreldrafundi á haustin er farið yfir helstu þætti auk þess sem hægt er að finna allar upplýsingar á heimasíðu skólans.

skoðun þína?

Gott viðmót starfsmanna í alla staði. Gott að tala við yfirstjórn leikskólans um hvaða mál sem er og varða barnið
Svara mínum spurningum og alltaf til í að ræða málin.
Á auðvelt með að tala við starfsmenn þegar ég kem að sækja.
Það er mjög gott að leita til starfsmanna, þau eru mjög opinská og ræða við mann hvað gengur vel og hvað mætti bæta. Dyrnar eru ávallt opnar inn til stjórnenda og starfsmenn þekkja foreldra og börn með nafni. Mjög persónuleg þjónusta
skólinn hefur staðið sem til fyrirmyndar með að mæta þörfum barnsins. Þau voru mjög styðjandi að koma honum inní greiningu, hafa sýnt mikinn áhuga á að afla sér upplýsinga og finna sér viðfangsefni til að öðlast meiri þekkingar. Ávallt gott að tala við þau, höldum samskiptadagbók, fundum reglulega, ræðum alltaf saman í lok dagsins osfrv
Þær eru bara æði!!! Aldrei neitt vesen eða stress.
Auðvelt að ræða hluti varðandi barnið eða senda pósta ef því er að skipta fæ alltaf svör og gott viðmót.
Kann vel við starfsfólkið, það tekur vel á móti mér og barninu mínu. Þær hafa mikla reynslu í starfi.
Tekið vel á móti manni og málin rædd ef eitthvða kemur upp.
Ávallt vinsamleg og öllum ábendingum og athugasemdum tekið vel
Það er alltaf tekið tillit til þarfa barnsins og okkar foreldrana. Ég hef fengið aðstoð við málþroskaörðuleika fyrir barnið með aðstoð leikskólans.
almennt mjög góð, nei get ekki nefnt neitt því það er allt eins og það á að vera. Ég lendi stundum í því að vilja fá að vita meira um hegðun og afdrif barnsins, en það er líka mitt að sækja þær upplýsingar.
Heilsa brosandi, láta strax vita af öllu er varðar barnið, svara fljótt og vel ef við foreldrar höfum fyrirspurnir varðandi barnið.
Þjóða alltaf góðan dag þegar maður kemur með barnið á morgnanna,og segja alltaf bless og takk í dag, og það er hægt að spjalla við starfsmenn leikskólans.
Þær eru bara svo yndislegar og það er aldrei neitt vesen.
Gott að tala við þær ef eitthvað er
þær gefa sér alltaf tíma til að spjalla aðeins og eru alltaf jákvæðar og tilbúnar í hvað sem er!
allri ánægðir og tilbúnir að veita því athygli sem bið þau um hverju sinni.
taka alltaf vel á móti manni og ef það er eitthvað sem að er að er tekið á því strax
Ég hafði áhyggjur af málþroska barnsins míns og talaði um það við deildarstjórnann. Hún lét mig strax fá spurningalista fyrir foreldra til að meta hvar barnið mitt stæði. Þannig að það er hlustað á foreldra og tekið tillit til mismunandi þarfa barnanna.
fáum alltaf tölvupóst um allt sem framfer í leikskólanum og þær segja manni alltaf allt um hvernig gekk þann daginn og bara allt í mjög góðu standi með samskiptin
Starfsfólk er oftast opið og vingjarnlegt. Það tekur vel í fyrirspurnir um líðan og hegðan barnsins. Það mætti þó hafa meira frumkvæði að því að segja frá hvernig t.d barnið borðaði,

Hollur og góður fjölbreyttur matur.
Mér finnst maturinn þarna fjölbreyttur og ég held að barninu mínu finnist hann góður
Hún virðist borða vel og er hraust.
mikið af lífrænum mat og allt unnið frá grunni, fjölbreyttur matur og mikið af grænmeti og ávöxtum
Maturinn er hollur og reynt að nota sem mest af lífrænu hráefni. Mikið af grænmeti og fiski og mjög lítið af unnum kjötvörum.
Áhersluna á hollan mat og hversu lítið er um sykraðan mat og unnar kjötvörur
Erum ánægð með stefnu leiksskólans í matarmálum þ.e lífrænt o.s.frv.
Fjölbreyttur, hollur og góður matur.
Það mætti senda foreldrum matseðil hvernar viku í pósti.
mætti senda póst með matseðli vikunnar.
Þarna er boðið upp á goðan og hollan heimilismat sem mér finnst forréttindi, því sá matur sem er verið að bjóða upp á í VÍðistaðaskóla sem dæmi er varla boðlegur. Erum mjög ánægð með matinn
Það er mikið lagt uppúr því að hafa matinn sem allra hollastan og náttúrulegastan. Hefði verið best að halda lífrænu línunni áfram en það var því miður orðið of dýrt.
Fábær matur og forréttindi að börnin fái hollan og góðan heimilismat, hef samanburð eins og svart og hvítt mjög ánægð
t.d grænmetis- og baunabuff.
Hollur og góður matur
Hollur og góður matur, barnið borðar vel og fær ávexti á morgnana
Það er allt eldað upp frá grunni, mjög hollt og næringaríkt fæði. Barnið borðar mjög vel á leikskólanum.
Mikill metnaður virðist vera lagður í það að hafa matinn eins hollan og næringaríkan eins og unnt er. Til dæmis með því að vinna hann að mörgu leyti frá grunni og mjög lítið um unnar kjötvörur. Má því segja að maturinn sé alveg til fyrirmyndar
Heilsusamlegur+heimilisimat, brauð eldað á staðnum, nóg af ávöxtum og ekki kökur þegar afmæli eru
Mjög mikið af ferskum mat og kokkurinn virkilega öflugur í að elda frá grunni og baka.
Mjög ánægð með að maturinn sé lagaður á staðnum og ekki mikið um aukaefni. en ég vil líka benda á að ég vildi sjá að hætt væri að gefa börnunum Cherioos og kornflex þar sem að þetta er ekki hollt
Leikskólinn er ekki með unninn mat eins og t.d. kjúklinganagga. Leikskólinn leggur upp með að hafa hollan og góðan mat og hefur fisk 2x í viku, ég er rosalega ánægð með það og vona að það haldist þannig.
Gott að vita að mikið sé að ferskum óunnum vörum og barnið lærir hvað sé hollt.
Lítið að unnum vörum og hollur matur.

Sýnist hann vera nokkuð fjölbreyttur

Ánægð með fjölbreytt og hollt mataræði og að ekki sé verið að vinna með unnar kjötvörur.

10. b) Ef þú ert mjög eða frekar óánægð(ur) með hollustu matarins, hvað er það helsta sem þarf að bæta?

Er ekkert sérstaklega ánægð með Cheriosið, mikið unnin vara og inniheldur erfðabreytt matvæli sem er kannski ekki í samræmi við umhverfisstefnu leikskólans.

Það má vera oftar fiskur og svo bæta við kjöti. Sleppa öllu pasta sen og öðrum unum mat með miklu hveiti og sykri.

Það er alveg boðið uppá hollan og góðan mat í leikskólanum, en mér finnst svolítið mikið vera af því sama. Sé svolítið oft á matseðlunum það sama sem er kannski nýbúið að vera vikuna áður.

12. Eru önnur atriði sem þú vilt koma á framfæri við leikskólann eða rekstraraðila?

Eina sem ég er óánægð með er slit á fatnaði og stígvélum og miklar kröfur um að kaupa nýtt og endurnýja.

Mjög ánægð með leikskólann og starfsfólkið er yndislegt en vil kannski koma á framfæri að það er of mikið rótering á börnunum á milli deilda. Þrjár deildir á tveimur árum er of mikið.

Það væri jafnvel skemmtilegt að fá að vita meira um daglegt starf. Kannski fá smá frétt inn á vefinn frá deildinni um hvað þau eru að gera þessa vikuna eða daginn. Annars er mjög skemmtilegt að skoða myndir frá starfinu þá sér maður hvað þau eru að fást við og það gerir leikskólinn mjög vel.

Er bara yfirhöfuð mjög ánægð með það starf sem fer fram og hvernig barninu mínu líður hjá þeim

Halda frábæru starfi áfram

Mundi vilja að til væri stefna og viðbragðsáætlun gegn kynferðisofbeldi á leikskólanum - skilst

að sú vinna sé í undirbúningi.
Vil hrósa kaffimorgnunum - sérlega ánægjulegt bæði fyrir foreldra og börnin að foreldrar séu svona formllega velkomnir 2 morgna í viku til að sitja aðeins með barninu áður en haldið er til vinnu. Mjög flott. Það væri soldið sniðugt ef deildarstjórar eða starfsmenn væru með sérstaka viðtalstíma svona eins og kennarar í skólum ef maður þarf að ræða e-ð getur maður auvitað beðið um tíma en ef það væru fastir tímar e-a morgna sem hægt væri að nýta gæti verið að það mundi nýtast betur og sumir foreldrar koma sér kannski ekki í að biðja um tíma fyrir slíkt og eru þá að reyna að ræða hlutina þegar þeir koma með barnið eða sækja og það getur oft verið hálfþægilegt kannski fyrir alla :) En ég hef reyndar beðið um viðtal og þá var það ekkert mál og gott og fínt er bara að hugsa um foreldra sem ekki eru framfærni eða fatta ekki að biðja um samtal :) Vil svo einnig hrósa afa og ömmu og pabba og mömmumorgnum mjög sniðugt concept og skemmtilegt!

Virkilega faglegt og gott starf unnið í leikskólanum og erum við stolt að hafa barnið okkar í svona flottum leikskóla með frábærum kennurum og öðru starfsfólki.

Flottur leiksskóli

oooog Berjast

Útivera og hreyfing má alltaf vera meiri að mínu mati.

Ég er ofsalega ánægð með leikskólann, Norðurberg og mér finnst sjást vel hvað honum er vel stjórnað og hvað það er gott fólk þar.
En til rekstraraðila verð ég að segja að ég sem einstætt foreldri er mjög ósátt við hækkunina sem tekur gildi 1. mars. Mig munar rosalega mikið um þennan pening og þessi hækkun er í engu samræmi við gjaldskrár Reykjavíkur, Seltjarnarness eða annarra sveitafélaga. Að borga jafnmikið sem foreldrar í sambúð er bara út í hött, ég skil að það þurfi að hækka en öllu má nú ofgera. En annars takk fyrir!

frábær leikskóli

vill taka það fram að ég er með tvö börn á þessum leikskóla (hraunvalla) og eru þau á sitthvorri deildinni og er viðmót deildanna gjörólik og er ég mjög ánægð með starfsfólk annarar deildarinnar en óánægð með starfsfólk hinnar

Í tilefni af starfsdegi á morgun mætti nefna að slíkir dagar eru að mínu mati full margir. Síðast var starfsdagur 3. janúar og aftur 25. febrúar. Er virkilega þörf á að skipuleggja starfið á 8 vikna fresti?

Starfsfólk mætti vera aðeins sveigjanlegra varðandi sérþarfi t.d ef bera þarf krem á barnið áður en farið er út að leika (er með viðkvæma húð).

Starfsemin og viðmótið fer fram úr mínum væntingum. Starfsfólk er upp til hópa vinalegt og er greinilega þarna af hugsjón því ekki eru launakjörin til að hrópa húrri fyrir. Ég vildi óska þess að Hafnarfjarðarbær væri með forystu í því að veita starfsfólki í leikskólum og skólum í bænum sanngjörn kjör það eru þau sem er að hugsa um það dýrmætasta sem við eigum og þau gera það vel.

Gjaldskrárhækkanir eru alveg út úr kú eru engan vegin að koma á móts við fólk.
Mætti benda foreldrum á senda póst að bílaplanið er ekki hraðaksturssvæði. Það er skömm að því hversu margir þjóta inn á planið, en þá komum við að því að bílastæðið er alveg vonlaust og of lítið.

Mér finnst alveg frábært hvernig Anna Borg heldur utan um þenna leikskóla og starfsfólkið.

Starfsfólk í leikskóla sonar míns á stórt hrós skilið fyrir elju og dugnað, endalaust verið að skera niður en þær gera alltaf sitt allra besta til að börnin finni sem minnst fyrir því. Ótrúlegar og magnaðar konur.

Frábært starf þar sem Anna Fer fyrir góðum hóp

Ég er mjög ánægð með leikskólann á Norðurbergi, barnið mitt er á Álfasteini og er allt starfsfólkið þar til fyrirmyndar. Þær eru allar elskulegar og frábærar konur sem vilja allt fyrir börnin gera.

Einnig vil ég hrósa Önnu Borg fyrir frábært starf sem hún gerir á leikskólanum, jákvæðnin og gleðin skín frá henni og starfsfólkinu á Álfasteini og ég myndi segja að það tvennt einkenni leikskólann.

Haldið áfram ykkar striki, þið eruð að standa ykkur frábærlega!

Aðkom að inngöngum mætti vera snyrtilegri s.s. sópa sand við hurð og nýja mottu við Álfastein, þurrkuklefi mætti vera heitari til að þurrka blaut föt.

Sem móðir barns á leikskóla er ég ekki hlynnt niðurskurði og sameiningu leikskóla. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar á hverri deild er nauðsynlegur öllum leikskólum. Það er mín skoðun sem móðir barns á leikskóla og mín faglega skoðun sem leikskólakennararnemi.

Við mundum vilja fá oftar persónegar upplýsingar um hagi, hegðun og líðan barnsins innan skólans.

Auka fjárveitingar til leikskólamála til að stuðla að eftirsóknarverðu starfsumhverfi, mikilli fagþekkingu og nauðsynlegum efniviði til að tryggja að sem best sé staðið uppeldi/menntun barna. Fjárfesting sem mun skila sér í mannauði framtíðarinnar.